ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 16

1. árgangur

23.6.1994


I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/16/01 Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 um samning um að koma á evrópsku netkerfi fyrir hraðsendingarþjónustu, einkum á vegum en einnig á járnbrautum og í lofti ....01

94/EES/16/02 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.448 - GKN/Brambles/Leto Recycling) ....01

94/EES/16/03 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.444 - Sidmar N.V./Klöckner Stahl GmbH) ....02

94/EES/16/04 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.433 - ERC/NRG Victory) ....02

ÍSLENSK útgáfa


| | | |
|---|---|---|
| 94/EES/16/05 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.431 - Medeol S.A./Elosua S.A.) | 02 |
| 94/EES/16/06 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.429 - Winterthur/DBV) | 03 |
| 94/EES/16/07 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.417 - Viag/Bayernwerk) | 03 |
| 94/EES/16/08 | Heimild vegna ríkisaðstoðar samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum | 04 |
| 94/EES/16/09 | Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. mars 1994 sem heimilar fjárhagsaðstoð Breska konungsríkisins til kolaiðnaðarins | 04 |
| 94/EES/16/10 | Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. mars 1994 sem úrskurðar um viðbótaraðstoð frá Þýskalandi til kolaiðnaðarins á árinu 1993 | 04 |
| 94/EES/16/11 | Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum | 05 |
| 94/EES/16/12 | Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir | 06 |
| 94/EES/16/13 | Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 30.5. til 3.6. 1994 | 08 |

**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68([1]) og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87([2]) um samning um að koma á evrópsku netkerfi fyrir hraðsendingarþjónustu, einkum á vegum en einnig á járnbrautum og í lofti. 94/EES/16/01

Í máli nr. IV/34.938 - Ducros/Elan/DHL er auglýsing um útdrátt úr umsókn um undanþágu samkvæmt 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans birt í Stjtíð. EB nr. C 165, 17. 6. 1994 í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68, 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 hvað viðkemur samningi milli Ducros, DHL og Elan Rindt. Tilgangurinn með samningnum er að koma á evrópsku netkerfi fyrir hraðsendingarþjónustu sem tryggir að staðið sé við sett tímamörk, einkum með flutningum á vegum og í undantekningartilvikum með flutningum á járnbrautum og í lofti.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri innan 30 daga frá því að auglýsingin birtist í Stjtíð. EB, undir tilvísunarnúmeri Ducros/Elan/DHL, mál IV/34.938, við:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Directorate D
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

### Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu 94/EES/16/02

### (Mál nr. IV/M.448 - GKN/Brambles/Leto Recycling)

Framkvæmdastjórnin ákvað 7.6.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins nr. 4064/89([3]). Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

**([1]) Stjtíð. EB nr. L 175, 23.7.1968, bls. 1.**
**([2]) Stjtíð. EB nr. L 374, 31.12.1987, bls. 1.**
**([3]) Stjtíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.**

ÍSLENSK útgáfa

## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu 94/EES/16/03

## (Mál nr. IV/M.444 - Sidmar N.V./Klöckner Stahl GmbH)

Framkvæmdastjórnin ákvað 30.5.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins nr. 4064/89(1). Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu 94/EES/16/04

## (Mál nr. IV/M.433 - ERC/NRG Victory)

Framkvæmdastjórnin ákvað 27.5.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins nr. 4064/89(1). Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu 94/EES/16/05

## (Mál nr. IV/M.431 - Medeol S.A./Elosua S.A.)

Framkvæmdastjórnin ákvað 6.6.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89(1). Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

**(1) Stjtíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.**

## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu 94/EES/16/06

## (Mál nr. IV/M.429 - Winterthur/DBV)

Framkvæmdastjórnin ákvað 30.5.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]). Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu 94/EES/16/07

## (Mál nr. IV/M.417 - Viag/Bayernwerk)

Framkvæmdastjórnin ákvað 5.5.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]). Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

([1]) **Stjtíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.**

ÍSLENSK útgáfa

## Heimild vegna ríkisaðstoðar samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum 94/EES/16/08

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Ítalía lagði til til að mæta hluta kostnaðarins vegna skyldubundinnar, tímabundinnar stöðvunar á starfsemi fiskiskipa til að laga afköst að auðlindum í Sardiníu (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 165, 17.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlanir í formi fjárfestinga sem Þýskaland lagði til handa stáliðnaði KSE í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 165, 17.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina til skipasmíða sem Breska konungsríkið lagði til handa Sean Hunter skipasmíðastöðinni (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 165, 17.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina til skipasmíða sem Þýskaland lagði til handa Kínverska alþýðulýðveldinu og þýsku skipasmíðastöðvunum MTW, Lindenau og Bremer Vulkan (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 165, 17.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina til skipasmíða sem Þýskaland lagði til handa Indónesíu og Meyer Werft skipasmíðastöðinni (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 165, 17.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað útvíkkunina á þremur aðstoðaráætlunum til skipasmíða sem Danmörk lagði til (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 165, 17.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til handa „Geweniger Recycling GmbH" til að auka afkastagetu við meðhöndlun brotajárns og stálúrgangs (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 165, 17.6.1994).

## Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. mars 1994 sem heimilar fjárhagsaðstoð Breska konungsríkisins til kolaiðnaðarins 94/EES/14/09

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað Breska konungsríkinu að gera ráð fyrir 120 milljónum sterlingspunda á árinu 1993 til að mæta rekstrartapi neðanjarðarkolanámufyrirtækja (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr L 147, 14.6.1994).

## Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. mars 1994 sem úrskurðar um viðbótaraðstoð frá Þýskalandi til kolaiðnaðarins á árinu 1993. 94/EES/14/10

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað Þýskalandi að veita, fyrir árið 1993, viðbótaraðstoð að upphæð *300 206 000 DM til að útvega sindurkol, kox og kol fyrir málmbræðsluofna sem notaðir eru í stáliðnaði* innan bandalagsins og nemur þá heildaraðstoðin við þetta verkefni á árinu 1993 alls 3 248 206 000 DM(sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr L 147, 14.6.1994).

Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum

## Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum(1), í flokki A (án þeirra takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92) og/eða í flokki B (með þeim takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92), voru birtar í Stjtíð. EB nr. C 168, 21.6.1994.

**94/EES/16/11**

**Breska konungsríkið** hefur veitt 8 flugfélögum í flokki A og 56 í flokki B rekstrarleyfi.

**Þýskaland** hefur veitt 10 flugfélögum í flokki B rekstrarleyfi.

**Írland** hefur veitt einu flugfélagi í flokki B rekstrarleyfi.

**Danmörk** hefur veitt 19 flugfélögum í flokki B rekstrarleyfi.

**Spánn** hefur veitt 3 flugfélögum í flokki B rekstrarleyfi.

(1) Stjtíð. EB nr. L 240, 24.8.1992, bls. 1.

ÍSLENSK útgáfa

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir 94/EES/16/12

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtíð. EB nr. L 109, 26.4.1983, bls. 8).

- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtíð. EB nr. L 81, 26.3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

| Tilvísun (¹) | Titill | Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils(²) |
|---|---|---|
| **94-0096-F** | S 10-10 A: Sérstakar kröfur vegna einkasímstöðva | 26.7.1994 |
| **94-0097-D** | Reglugerð um leyfisveitingu BAPT 222 ZV 8 0-4 fyrir snúrulausa síma með innrauðu radíotengisniði | 26.7.1994 |
| **94-0098-UK** | Reglugerðir frá 1994 um ökutæki á vegum (smíði og notkun) (breyting) (nr.) | 1.8.1994 |
| **94-0099-I** | Drög að ráðherrareglugerð til að uppfæra ráðherraúrskurði frá 31. mars 1965 varðandi reglugerðina um heimiluð aukefni við tilreiðslu og geymslu matvæla, frá 22. desember 1967, varðandi reglugerðina um notkun og samþykkt skrárinnar um heimiluð litarefni við framleiðslu matvæla og frá 3. maí 1971 varðandi reglugerðina um umbreyttar sterkjur til neyslu | 29.7.1994 |
| **94-0100-D** | Tilmæli um að draga úr áhættu við val og vinnslu mótaðra tannmálmblandna- tannlóðmálma og málmblandna til notkunar við tannréttingar | 4.8.1994 |
| **94-0101-NL** | Breyting á reglugerðinni um þyngd og mál, fyrirmælunum um almenna þyngd og mál innan EBE og fyrirmælunum um farþegaflutninga (gjaldmælar). - Reglugerð um þyngd og mál (gjaldmælar) | 8.8.1994 |
| **94-0102-E** | Drög að ráðherrafyrirmælum til breytingar á ráðherrafyrirmælum frá 20. september 1985 um byggingarstaðla, gerðarviðurkenningu, prófanir og eftirlit með tönkum sem notaðir eru til flutninga á hættulegum vörum | 11.8.1994 |
| **94-0103-D** | Sjöttu fyrirmæli um breytingar á fyrirmælum um öryggi á sjó | 8.8.1994 |
| **94-0104-GR** | Drög að forsetaúrskurði „sem kemur reglugerð um útskipun og uppskipun, flutning og geymslu hættulegra vara í höfnum svo og flutning þeirra á sjó, til framkvæmda" | 3.8.1994 |
| **94-0105-F** | Fyrirmæli um breytingar á fyrirmælum frá 17. maí 1985 um að afhýða ávexti og matjurtir, sem ætlaðar eru til geymslu, með kemískum efnum | 4.8.1994 |
| (³) (⁴) | | |

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(²) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(³) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá".

(⁴) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. mars 1989 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. maí 1994.

ÍSLENSK útgáfa

# Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 30.5. til 3.6. 1994

**94/EES/16/13**

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

| Kóði | Skráningarnúmer | Titill | Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann | Sent til ráðsins þann | Blaðsíðufjöldi |
|---|---|---|---|---|---|
| **COM(94) 209** | **CB-CO-94-224-EN-C**(1) | Tillaga að ákvörðun ráðsins um að framlengja gildistíma ákvörðunar ráðsins 78/262/EBE um jafngildi æxlunarefna fyrir skógrækt sem eru framleidd í Austurríki | 30.5.1994 | 30.5.1994 | 4 |
| **COM(94) 199** | **CB-CO-94-214-EN-C** | Tillaga að ákvörðun ráðsins um undirskrift samþykktarinnar um samvinnu til verndunar og sjálfbærrar notkunar á Dóná | 30.5.1994 | 31.5.1994 | 53 |
| **COM(94) 208** | **CB-CO-94-219-EN-C** | Ársskýrsla til ráðsins og þingsins um þróun leiðbeiningaáætlana til margra ára fyrir fiskveiðiflotann í árslok 1993 | 1.6.1994 | 2.6.1994 | 22 |
| **COM(94) 217** | **CB-CO-94-230-EN-C** | Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar um víðtækar leiðbeiningar um efnahagsstefnu aðildarríkjanna og bandalagsins, samin í samræmi við 2. mgr. 103. gr. sáttmálans um Evrópusambandið | 1.6.1994 | 2.6.1994 | 25 |
| **COM(94) 238** | **CB-CO-94-250-EN-C** | Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum vörum á vegum | 2.6.1994 | 2.6.1994 | 5 |
| **COM(94) 239** | **CB-CO-94-252-EN-C** | Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um framkvæmd ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), A. 747(18), um beitingu mælingareglna um aðgreinda sjókjölfestugeyma í olíuflutningaskipum | 2.6.1994 | 2.6.1994 | 6 |
| **COM(94) 206** | **CB-CO-94-222-EN-C** | Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins Aukin skatthagræðing í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja | 25.5.1994 | 3.6.1994 | 20 |
| **COM(94) 207** | **CB-CO-94-223-EN-C** | Orðsending frá framkvæmdastjórninni Samþætt áætlun í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og á sviði handiðnaðar | 3.6.1994 | 3.6.1994 | 42 |
| **COM(94) 228** | **CB-CO-94-241-EN-C** | Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um að koma á evrópskum nefndum eða aðferðum í fyrirtækjum - og fyrirtækjasamstæðum sem eru mikilvæg á bandalagsmælikvarða í því skyni að upplýsa starfsmenn og hafa samráð við þá | 3.6.1994 | 3.6.1994 | 26 |
| **COM(94) 236** | **CB-CO-94-248-EN-C** | Breytt tillaga að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) - um ráðstafanir bandalagsins um bragðefni til notkunar í matvælum | 3.6.1994 | 3.6.1994 | 5 |

**(1) „EN" vísar til enska COM-skjalsins.**